



## Húnathing vestra

Hvammstangabraut 5 • 530 Hvammstangi  
Sími 455 2400 • Fax 455 2409  
www.hunathing.is • Kt. 540598-2829

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hvammstangi, 10. janúar 2020

**Efni: Umsögn sveitarstjórnar Húnathing vestra um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020–2024, 434. mál og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020 – 2034, 435. mál**

Sveitarstjórn Húnathing vestra hefur kynnt sér tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024, 434. mál og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 435. mál. Á 321. fundi sveitarstjórnar Húnathing vestra var eftirfarandi fært til bókar undir 8. lið.

„Í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034, er að finna framkvæmdir við veg 711, Vatnsnesveg.

Það veldur sveitarstjórn Húnathing vestra verulegum vonbrigðum að framkvæmdir við veg 711 séu ekki fyrirhugaðar fyrr en á þriðja tímabili áætlunarinnar á árunum 2029-2034. Sveitarstjórn telur afar brýnt að framkvæmdinni verði flýtt og sett á fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2020-2024 þannig að vinna við hönnun og framkvæmdir hefjist tafarlaust.

Sveitarstjórn Húnathing vestra ítrekar nauðsyn þess að framkvæmdir við skólaakstursleiðir verði settar í forgang innan samgönguáætlunar. Grunnskólabörn sem búa við veg 711 þurfa að fara í skólabíl um veginn tvisvar á dag, hvern virkan dag, níu mánuði ársins, í tíu ár. Þannig velkjast börnin á vondum vegi, á lágmarkshraða, með tilheyrandi óþægindum og nú í vetur hefur daglegur ferðatími skólabíla lengst um 40 mínútur vegna óviðunandi ástands vegarins.

Mælingar sýna að veruleg umferðaraukning hefur orðið um veg 711 og telur sveitarstjórn varhugavert að slá af öryggiskröfum á þeim köflum vegarins þar sem umferð skólabíla er enda hefur aukin umferð haft í för með sér aukna slysatíðni, s.s. útafakstur og bílveltur og er vegur 711 nú sá vegur á Norðurlandi vestra sem flest slys verða á.“

Virðingarfyllt,

  
Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri.

